

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/585
komudagur 9.12.2002

From: Jón Hjaltalín Magnússon [JHM@altech.is]
To: hjalmara@alþingi.is
Cc: rasha@isl.is; Þráinn Valur Hreggviðsson
Subject: ALTECH Þskj.428-376.mál

Sent: lau. 7.12.2002 19:08

Attachments:

Til Iðnaðarnefndar Alþingis

Hr. Hjálmar Árnason, formaður

Varðar: Þskj. 428 - 376. mál. Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins Nr. 61/1997

Fyrirtækið ALTECH JHM hf, fagnar framlögðu frumvarpi til laga um starfsemi Tryggingardeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Við styðjum lagafrumvarp þetta í heild sinni, en vegna gr. 4 í lagafrumvarpi ykkar um verkábyrgðir vegna innlendra framkvæmda, þá leggjum við til að við Nýsköpunarsjóð verði starfrækt deild er nefnist bara "tryggingardeild" og ekki "tryggingardeild útflutnings".

ALTECH sérhæfir sig í þróun og framleiðslu tækja og tölvukerfa til álvera, ásamt heildarlausnum fyrir skautsmiðjur þeirra.

(<http://www.altech.is>) Vegna samninga um útflutning á vörum og þjónustu til álvera þá þurfum við yfirleitta að veita verkábyrgðir (Performance Bond) á framleiðslu- og ábyrgðartíma tækjanna. Í sumum tilfellum hefur það það gengið erfiðlega að fá slíkar ábyrgðir hjá viðskiptabanka okkar, þar sem við höfum mjög takmarkaðar fasteignir (steinsteypu) til að veita þeim baktryggingu eða veð vegna þessara ábyrgða. Þá er oft erfitt að fá framkvæmdalán vegna smíða á tækjum hérlendis hjá innlendum verktökum, þar sem bankarnir eru mjög "tregir" til að taka veð í undirrituðum verksamningum, þá svo að um erlend stórfyrirtæki (álver) sé að ræða.

Á undanförmum 6 árum höfum við selt tæki til 21 álvers um allan heim fyrir um 1.2 milljarða auk nýlegra samninga í nóv. 2002 að upphæð kr. 2.7 milljarða vegna alverktöku um framleiðslu og uppsetningu tækja í skautsmiðju hins nýja ALDOGA álvers (540,000 tpy) í Gladstone, Queensland, Ástralíu (<http://www.aldoga.com>). Vegna þessa samnings þurfum við í janúar n.k. að leggja fram 5% verkábyrgð (Performance Guarantee) en fáum samtímis 100% LoC með 10% innborgun samningsupphæðar. Ljóst er að bakábyrgð Nýsköpunarsjóðs til viðskiptabanka okkar, eins og lagt er til í lagafrumvarpi ykkar, vegna útgáfu slíkrar verkábyrgðar (135 mÍSK) ætti að auðvelda okkur að veita umrædda verkábyrgð. Að þessum samningi undanskildum höfum við þegar gengið frá samningum um sölu til álvera árið 2003 að upphæð kr. 370 millj.

Við fögnum þeim möguleika að Tryggingardeild Nýsköpunarsjóðs geti veitt viðskiptabanka okkar "tryggingu" vegna "útflutningslána" (framkvæmdalána) vegna smíða á tækjum hérlendis hjá undirverktökum okkar. Slík trygging mun auðvelda okkur verulega að auka framleiðslu okkar hérlendis á tækjum til álvera.

Við sjáum fyrir okkur að Tryggingardeild Nýsköpunarsjóðs geti veitt viðskiptabönkum viðurkenndra íslenkra útflutningsfyrirtækja tryggingu að umsamdri árlegri heildarupphæð vegna útflutningslána, ábyrgða, o.fl. vegna áætlaðra samninga við erlenda aðila auk viðbótarábyrgða vegna stórsamninga. Í algjöru undantekningaratriðum gæti Nýsköpunarsjóður veitt slíkar tryggingar beint til útflutningsaðila, ef bankastofnanir treysta sér ekki til að veita verkábyrgðir, lán, o.fl. vegna samnings, t.d. vegna stjórnmálalegra áhættu í viðkomandi landi.

með kærri kveðju og von um að frumvarp þetta verði sem fyrst að lögum, því það mun stórefla íslenskan útflutning vöru og þjónustu.

ALTECH JHM hf
 Jón Hjaltalín Magnússon, forstjóri (jhm@altech.is) s. 5252300 eða 860 2870.

Ragnar S. Halldórsson, stjórnarformaður (rasha@isl.is)